

Samband íslenskra prófunarstofa var stofnað 1990 með það að markmiði að:

- Gæta hagsmuna prófunarstofa og vera skipulagður samskiptavettvangur milli prófunarstofa og annarra aðila sem prófunarstarfsemi varðar.
- Stuðla að tæknilegu samstarfi milli prófunarstofa og annarra hlutaðeigandi stofnana til þess að flýta þróun og samræmingu prófunaraðferða og samræmdri notkun þeirra.
- Stuðla að gagnkvæmri viðurkenningu prófunarniðurstaðna með því að byggja upp traust milli aðila og stuðla að almennri notkun staðla og gæðakerfa innan starfsgreinarinnar auk vottunar og faggildingar þar sem slíkt á við.
- Stuðla að eflingu prófunarstarfsemi hér á landi til gagns fyrir íslenskt samfélag, m.a. með yfirfærslu upplýsinga frá evrópskum prófunarstofum og samtökum þeirra.
- Vinna að bættri menntun innan starfsgreinarinnar.

Íslenskar prófunarstofur sem annast prófanir eða mælingar geta orðið aðilar að sambandinu.

SÍP er aðili að EUROLAB og EURACHEM

Stjórnarmeðlimir SÍP eru tengiliðir sambandsins við bæði Eurolab og Eurachem. Aðilar í SÍP hafa aðgang að gríðarmiklu þekkingar og reynslusafni bæði Eurolab og Eurachem auk þess sem tengiliðir við Eurolab taka þátt í tækninefndum.



Eurolab: Vinnur að miðlun þekkingar og reynslu á milli aðila prófunar og rannsóknarstofa og hefur bein áhrif á tæknileg mál er varða evrópska gæðainnviði, staðlaþróun og stefnumótun reglugerða.

Eurachem: Tengslanet og umræðuvettvangur aðila í efnafræðilegum mælingum sem vinnur að auknum gæðum niðurstaðna, mælióvissu, alþjóðlegum rekjanleika og þróun upplýstrar og ígrundaðrar stefnumótunar í tæknilegum málum.

Starfsemi SÍP

- Margvíslegar kynningar, námskeið og fræðslufundir fyrir félagsmenn, meðal annars í áhættugreiningum og gæðastjórnun.
- Heimsóknir til meðlima SÍP, kynning á starfsemi og gæðatengdum ferlum, meðal annars til Matís, Tækniseturs og ÍSOR.
- Miðlun efnis Eurolab og Eurachem til félagsmanna, fjöldi auðsóttra vefnámskeiða og vinnustofa meðal annars um faggildingingu, mæliaðferðir, óvissu og gagnaöryggi.
- Kynning á ávinningi faggildingar í samræmi við ÍST EN ISO/IEC 17025.

